

Nd. **607. Breytingartillögur** [213. mál]

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Frá meiri hl. samgöngunefndar (SV, SJS, EH, StG, FP, KP).

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Sjö manna nefnd, skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir álitni nefndarinnar á.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Ferðamálaráði Íslands, Félagi hópferðaleyfishafa, Félagi sérleyfishafa og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjöunda nefndarmanninn skipar samgönguráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn og greiðist þóknun hennar úr ríkissjóði.

2. Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo:

Að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga getur ráðuneytið veitt ferðafélögum, ferðaskrifstofum eða öðrum aðilum, sem hafa með höndum þjónustu við ferðafólk, leyfi til að auglýsa eða starfrækja sætaferðir þar sem seld eru einstök sæti í alla ferðina eða meginhluta hennar þó að ekki sé um sérleyfisferðir að ræða. Bifreiðar, sem notaðar eru til slíkra ferða, skulu hafa hóp- eða sérleyfisréttindi. Um gildistíma slíkra leyfa skal ráðuneytið taka sérstaka ákvörðun hverju sinni í samráði við skipulagsnefnd.